Nr. 65.
10.
nóvbr.

# Lög

um

## breytingar á lögum 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í stað 1. liðs 4. gr. nefndra laga, 5. gr. c. og 6. gr. komi eptirfarandi ákvæði:

1. gr. (4. gr. 1. liður)

hafi í vörzlum sínum málmforða, er ekki nemi minna verði en $^3/_8$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skipti;

2. gr. (5. gr. c.)

innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er hjá Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn, Noregsbanka, Englandsbanka eða Skotlands, svo og hjá öðrum bankastofnunum, sem að minnsta kosti $^5/_7$ hlutar fulltrúaráðs bankans álíta fulltryggar og taldar eru til fyrsta flokks.

3. gr. (6. gr.).

Af málmforða bankans skal ávallt vera fyrir hendi í bankanum og útibúum hans hjer á landi svo mikið, að það svari að minnsta kosti til $^3/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skipti, enda sje það gjaldgeng mynt og $^5/_6$ hlutar þess gullmynt. Þó má til þessa hluta málmforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leiðinni hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 200,000 kr. í einu. Óslegið gull, sem Íslandsbanki kynni að hafa afhent hinni konunglegu peningasmiðju í Kaupmannahöfn til myntunar, má og telja til myntforða bankans.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 65.
10.
Novbr.

om

## Forandringer i Lov af 7de Juni 1902 om Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

I Stedet for § 4, Nr. 1, § 5 c og § 6 i ovennævnte Lov træder følgende Bestemmelser:

§ 1 (§ 4, Nr. 1):

i sin Besiddelse har et Metalfond til Værdi af mindst $^3/_8$ af det til enhver Tid i Omløb værende Seddelbeløb;

§ 2 (§ 5 c):

Tilgodehavender betalbare paa Anfordring hos Nationalbanken i Kjøbenhavn, Norges Bank, Bank of England eller Scotland samt hos andre Bankinstituter, som af i det mindste $^5/_7$ af Medlemmerne af Bankens Repræsentantskab anses for fuldstændig solide, og som henregnes til Bankinstitutioner af første Klasse.

§ 3 (§ 6).

Af Bankens Metalfond skal stedse være tilstede i Banken og dens Filialer her i Landet i det mindste saa meget som svarer til $^3/_{10}$ af den til enhver Tid omløbende Seddelmasse; dette skal være tilstede i gangbar Mønt og $^5/_6$ deraf i Guldmønt; dog skal det være tilladt at medregne som værende tilstede i denne Del af Metalfondet det Guld, der kan legitimeres som værende undervejs hertil fra Udlandet indtil 200,000 Kr. ad Gangen. Guldbarrer, som Islands Bank maatte have overleveret den kongelige Mønt i Kjøbenhavn til Udmøntning, kunne ogsaa henregnes til Bankens Møntbeholdning.

Nr. 65.
10.
nóvbr.

4. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál laga nr. 11 frá 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, og getur konungur þá gefið nefnd lög þannig breytt út sem lög um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. November 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Nr. 65. Lög 10 nóvember um breytingar á lögum 7. júní 1902 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

§ 4. Nr. 65. 10. Novbr.

Samtidig med nærværende Lovs Stadfæstelse skal de i samme indeholdte Forandringer og Tillæg indføres i Teksten af Lov Nr. 11 af 7de Juni 1902 om Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island, hvorefter den nævnte Lov saaledes ændret kan udfærdiges af Kongen som Lov om Koncession paa Oprettelsen af en Aktiebank i Island.

**Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.**

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*